

**Sþ.**

**106. Fyrirspurnir**

**[64. mál]**

I. Til ríkisstjórnarinnar um frv. til launalaga.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Hyggst ríkisstjórnin leggja frv. til nýrra launalaga fyrir Alþingi það, sem nú situr?

II. Til menntamálaráðherra um tekjur og gjöld vegna þátttöku Íslands í Bernarsambandinu.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Stefáni Jóh. Stefánssyni.

1. Hversu mikið hefur verið yfirfært til erlendra manna vegna höfundarréttar, síðan Ísland gerðist aðili að Bernarsambandinu, og hversu mikið er óyfirfært af kröfum, sem gerðar hafa verið?
2. Hversu miklar gjaldeyristekjur hafa íslenskir menn hlotið á sama tíma vegna aðildar Íslands að Bernarsambandinu?
3. Hverjar hafa verið tekjur STEFS, síðan það var stofnað, hversu mikið hefur það greitt fyrir höfundarrétt, og hversu mikill hefur verið stjórnar- og skrifstofukostnaður þess?